

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tímabundinn flutningur leikskólans Kvistaborgar í Safamýri 5 í Reykjavík

Húsnæði Kvistaborgar hefur verið til skoðunar vegna gruns um raka. Um nokkurt skeið hefur hluti starfseminnar verið í húsnæði skáta að Hólmgarði 34. Niðurstöður athugana á húsnæði Kvistaborgar liggja nú fyrir og ljóst er að fara þarf í viðgerðir sem munu taka nokkurn tíma. Áætlanir þar um liggja þó ekki enn fyrir.

Af þessum sökum þykir nauðsynlegt að flytja alla starfsemi leikskólans í annað húsnæði á meðan á framkvæmdum stendur.

Leitað var til Eignaskrifstofu um í júlí og hafði hún milligöngu með að finna húsnæði fyrir leikskólann. Ákveðið var að öll starfsemi leikskólans færi í Safamýri 5, þ.e. þann hluta húsnæðis sem Mixtúra hefur notað en færa starfsemi Mixtúru í Álfabakka 14, 2. hæð, sem áður hýsti hluta Þjónustumiðstöðvar Breiðholts.

Vikan 19. til 23. júlí var notuð til þess að undirbúa húsnæðið í Álfabakka til að koma betur til móts við starfsemi Mixtúru. Mixtúra er þegar flutt í húsnæðið í Álfabakka.

Þann 24. júlí sl. hófst vinna í Safamýri 5 við að undirbúa húsnæði og garð fyrir leikskólastarf.

Stefnt var að því að hefja leikskólastarfið Kvistaborgar í Safamýri í lok júlí eða byrjun ágúst en að ósk leikskólastjóra verður beðið eftir að kláraðar verði lagfæringar á húsnæðinu.